

Reglur um vöruúrval og dreifingu

1. gr

Söluflokkar

Vöruúrval Fríhafnarinnar ehf. samanstendur af grunnvöruúrvali, sérvörum og vörum í tímabundinni sölu. Vöruúrvalið skiptist í söluflokka og vöruflokka. Söluflokkar eru fjórir: 1) Léttvín, 2) sterkt áfengi, 3) áfengi <22% og 4) bjór, sídera og gosblöndur. Innan hvers söluflokks skiptast vörur í vöruflokka eftir sérkennum sínum.

2. gr

Grunnvöruúrval

Í grunnvöruúrvali eru þær vörur sem skila bestum söluárangri í hverjum vöruflokki hverju sinni og nýjar vörur í sölu. Nýjar vörur eru í grunnvöruúrvali í að minnsta kosti 4 mánuði áður en söluárangur þeirra er fyrst metinn.

Yfirlit yfir vöruflokka og lágmarksfjölda vara í hverjum flokki má sjá í töflu grunnvöruúrvals (tafla 1).

Við endurskoðun vöruúrvals á grundvelli söluárangurs er fjöldi vara sem eftir stendur í grunnvöruúrvali í hverjum vöruflokki sá fjöldi sem tilgreindur er sem lágmarksfjöldi í töflu 1. Fjöldaviðmið grunnvöruúrvals eru endurskoðuð reglulega.

3. gr

Sérvörur

Sérvörur eru vörur sem er ætlað að tryggja fjölbreytni og gæði í vöruúrvali, mæta eftirspurn og auka sérstöðu og samkeppni gagnvart öðrum fríhafnarverslunum.

Í sérvöruflokki eru vörur sem falla ættu úr grunnvöruúrvali á grundvelli söluárangurs og nýjar vörur sem uppfylla viðmið og skilyrði flokksins og auglýst er sérstaklega eftir.

Sérvörur eru viðbót við grunnvöruúrval.

Yfirlit yfir vörur í sérvöruflokki hverju sinni er birt á innkaupavef Fríhafnarinnar.

Ákvörðun um færslu í sérvöruflokk grundvallast á mati á því hvort að vara auki fjölbreytileika, gæði eða sérstöðu vöruúrvals, mæti ákveðinni eftirspurn eða bæti samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fríhafnarverslunum. Við matið er horft til eftirtalina atriða:

- safngildis;
- orðspors;
- aldurs;
- fágætis;
- tímabundinna áherslna í vöruvali;
- eftirspurnar viðskiptavina;

- g) vara hefur fylgihlut eða kemur í gjafapakkingu;
- h) niðurstöðu skynmats;
- i) framleiðsluaðferðar;
- j) væntanlegrar eftirspurnar s.s. vegna umfjöllunar eða tískusveiflna;
- k) varan ber merki fríhafnarsölu;
- l) varan eykur sérstöðu vöruúrvals;
- m) vara höfðar sérstaklega til ferðamanna.

Vöruúrval sérvara er endurskoðað á a.m.k. 12 mánaða fresti.

Ef vara hefur ekki lengur þá sérstöðu sem hún hafði þegar hún var flokkuð sem sérvara eða hefur verið í sérvöruflokki í 5 ár, er hún færð í grunnvöruúrval og undirgengst mat á söluárangri í viðkomandi vöruflokki.

4. gr

Vörur í tímabundinni sölu

Vörur í tímabundinni sölu eru vörur sem framleiddar eru og seldar á ákveðnu árstíðartengdu tímabili.

Vörur í tímabundinni sölu verða að tengjast árstíð eða tilefni með skýrum hætti og mega ekki vera aðgengilegar utan ákveðins tímabils.

Vörur í tímabundinni sölu eru viðbót við grunnvöruúrval.

Auglýst er eftir tilboðum í vörur í tímabundna sölu, sbr. reglur um innkaup á nýjum vörum.

Sölutímabil vara í tímabundinni sölu eru jól, páskar og sumar. Sölutími hvers tímabils og hámarksfjöldi vara í hverjum vöruflokki á hverju tímabili er birtur í tilboðsbeiðni.

Ef fjöldi tilboða fer yfir hámarksfjölda skal samsetning vöruvals vera:

- a) Nýjar vörur, þ.e. vörur sem ekki voru í tímabundinni sölu á síðasta sölutímabili, skulu skipa að minnsta kosti 20% af vöruvali. Val á nýjum vörum í tímabundinni sölu fer skv. reglum um innkaup á nýjum vörum.
- b) Vörur sem voru í sölu á síðasta sambærilega sölutímabili. Söluárangur, skv. reglum um mat á söluárangri, ræður innbyrðis forgangi vara.

5. gr

Dreifing í verslanir

Vörur í grunnvöruúrvali og í tímabundinni sölu eru í sölu í komuverslunar Fríhafnarinnar nema þær vörur sem eftirspurn er fyrst og fremst eftir meðal erlendra ferðamanna. Þær vörur eru eingöngu í verslunum fyrir brottfararfarþega.

Vöruúrval brottfararverslunar samanstendur af ákveðnum hluta af grunnvöruúrvali, sérvörum og vörum sem sérstök eftirspurn er eftir t.d. vegna sérstöðu vörunnar. Í töflu dreifingar vöruúrvals (tafla 2) eru viðmið um fjölda vara í komu- og brottfararverslun eftir vöruflokkum.

Þegar um fjöldatakmörkun er að ræða eru þær vörur í vöruúrvali verslunar sem skila bestum söluárangri innan viðkomandi vöruflokks hverju sinni.

Vöruúrval annarra verslana, með sölu innan við 5% af heildarsölu áfengis í Fríhöfninni, er ákvarðað af rekstrarstjóra og skal taka mið af eftirspurn á hverjum tíma, væntingum viðskiptavina og hagkvæmnisjónarmiðum.

Sérvörur eru hluti af vöruúrvali brottfararverslunar en geta einnig verið að hluta í öðrum verslunum og er þá háð eftirspurn, væntingum viðskiptavina og hagkvæmnisjónarmiðum.

Vörur í tímabundinni sölu eru hluti af vöruúrvali komuverslunar en geta einnig verið að hluta í öðrum verslunum og er þá háð eftirspurn, væntingum viðskiptavina og hagkvæmnisjónarmiðum.

Rekstrarstjóra er heimilt að auka vöruúrval verslunar t.d. vegna eftirspurnar, til að auka fjölbreytni eða vegna tímabundinna áherslna.

6. gr

Breytingarákvæði

Ef breytingar verða á reglum þessum eru þær tilkynntar með minnst mánaðar fyrirvara.

Reglur þessar eru settar með vísan til reglugerðar nr. 1101/2022, um vöruval og innkaup tollfrjálsra verslana á áfengi.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar.

Keflavíkurflugvöllur, 25.01.2023,

Þorgerður Þráinsdóttir